

Dagskrá Stjörnuskoðunarfélagsins vorið 2012

Nokkrir viðburðir og námskeið eru á dagskrá hjá félaginu á næstu vikum:

- **Félagsfundur í Valhúsaskóla 29. janúar kl. 20:00.** Sverrir Guðmundsson mun flytja fyrirlestur um stjörnuskoðun að vori.
- **Safnanótt í Sjóminjasafninu við Grandagarð í Reykjavík: 10. febrúar kl. 19:00-22:00.**
- **Aðalfundur í Valhúsaskóla 19. febrúar kl. 20:00.**



Námskeið í stjörnuskoðun og stjörnufræði

Félagið og vefurinn standa fyrir námskeiðum í Valhúsaskóla í vor:

Byrjendur: 31. janúar og 1. febrúar kl. 20:00-22:30

Fjölskyldunámskeið: 19. febrúar

Daginn áður (18. febrúar) verður haldið námskeið fyrir kennara.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.astro.is

Fréttabréf Stjörnuskoðunarfélags
Seltjarnarness

Janúar 2012



Stjörnuskoðunarfélagið tók þátt í Vísindavöku (mynd: Arnaldur Halldórsson).

Aðalfundur Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness

Aðalfundur Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness verður haldinn **sunnudaginn 18. febrúar 2012**. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verður lögð fram tillaga um fjölgun stjórnarmanna (formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur). Tillagan er birt inni í fréttabréfinu.

Viðurkenningar fyrir vísindamiðlun

Stjörnuskoðunarfélagið og Stjörnufræðivefurinn hlutu í haust báðar helstu viðurkenningarnar sem eru í boði fyrir störf á sviði vísindamiðlunar. Á Vísindavöku í september fengu þessir aðilar viðurkenningu fyrir vísindamiðlun frá Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS). Síðari viðurkenningin var Fræðslu- og vísindaviðurkenning Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi.



Félagar taka við viðurkenningu á Vísindavöku (mynd: Arnaldur Halldórsson).

Tillaga um breytingu á reglum félagsins


Á aðalfundi verður lögð fram eftirfarandi tillaga um fjölgun stjórnarmanna í fimm (bætt við tveimur meðstjórnendum):

4. gr.


Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn og er kosið í hvert embætti sérstaklega.

Jákvæðar fréttir af baráttunni gegn ljósmengun

Mörður Árnason, alþingismaður, lagði í febrúar fram fyrirspurn til umhverfisráðherra um ljósmengun. Tvisvar áður hefur hann spurt út í þessi mál með döprum árangri en núverandi ráðherra ætlar að skipa sérstakan starfshóp um „myrkravernd“. Tóku þingmenn í ýmsum flokkum undir nauðsyn þess að vernda næturhimininn og er það afar ánægjuleg viðhorfsbreyting. Fróðlegt verður að sjá hvaða aðgerðir fylgja í kjölfarið en félagið mun ekki láta sitt eftir liggja í þessu máli!



Ljósmynd úr Esjuhlíðum af borgarmyrkvanum 2006 (Grétar Örn Ómarsson).



Ljósmynd úr Esjuhlíðum eftir borgarmyrkvann 2006 (Grétar Örn Ómarsson).

Fréttir frá Akureyri og Kirkjubæjarklaustri

Stjörnu-Oddafélagið á Akureyri stóð fyrir fundi í desember þar sem nemendur Menntaskólans á Akureyri fluttu erindi um Júpíter. Á næsta félagsfundi í febrúar verður fleiri erindi um sólkerfið.

Þriggja manna hópur á Kirkjubæjarklaustri stóð fyrir kaupum á 9¼" sjónauka í vetur með styrk frá nokkrum aðilum á svæðinu. Sjónaukinn verður geymdur í grunnskólanum og á vonandi eftir að nýtast vel í framtíðinni!